

Úttekt á þróunarverkefni Borgarfjarðarbrúin

Skýrsla unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Hitt og Þetta ehf.

Jón Bergsson

Guðrún Helga Sederholm

Kópavogur, 14. apríl 2010

Skýrsla unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið

 Hitt og Petta ehf

Ráðgjafapjónusta

Víðigrund 61, 200 Kópavogur

Sími 5544873 – 8645622

Kt. 560896 – 2989

www.hittog.com



Efnisyfitlit

Samantekt á niðurstöðum úttektar	5
Veikleikar verkefnisins.....	5
Styrkleikar verkefnisins.....	6
Ávinningur af verkefninu	6
Markmið tilraunaverkefnisins Borgarfjarðarbrúin	7
Umfang og markmið úttektar á Borgarfjarðarbrúnni	9
Framkvæmd úttektar	10
Niðurstöður úr viðtölum við þátttakendur	11
Markmið	11
Telur þú að markmiðum hafi verið náð?	11
Hvað hindraði að markmiðin næðust?.....	12
Telur þú að færri markmið hefðu þjónað verkefninu betur?	12
Stjórnun	12
Telur þú að verkstjórn hafi verið viðunandi í verkefninu?	12
Hvernig nýttust fundirnir að þínu mati?.....	13
Var samfella í dagskrám fundanna?	13
Mat	13
Hverja telur þú meginstyrkleika verkefnisins?	13
Hverja telur þú meginveikleika verkefnisins?.....	14
Áhersluþættir varðandi meginmarkmið verkefnisins.....	15
Að skapa samfellu milli grunn-og framhaldsskóla.....	15
Að innleiða samstillingu í kennsluháttum og námsmati	15
Notkun upplýsingatækni í skólastarfi	15
Mæta ólíkum þörfum nemenda í samræmi við ný lög um grunn-og framhaldsskóla.....	16
Aðkoma ráðgjafans Ingvars Sigurgeirssonar að verkefninu	16
Niðurstöður úr rýni á fyrirliggjandi gögnum	17
Verkefnisskjölun	17
Stjórnun	19
Markmið	20
Að skapa samfellu milli grunn- og framhaldsskóla.....	20
Að innleiða samstillingu í kennsluháttum og námsmati	20
Notkun upplýsingatækni í skólastarfi	21
Mæta ólíkum þörfum nemenda í samræmi við ný lög um grunn- og framhaldsskóla.....	22
Þakkir fyrir veitta aðstoð	24
Viðaukar	25
Viðauki 1: Listi yfir þátttakendur í viðtölum.	25

Viðauki 2: Skrá yfir fyrirbyggjandi gögn.....	26
Viðauki 3: Nokkrar tilvitnanir í fundargerðir.	27
Viðauki 4: Tilvitnanir í áfangaskýrslur.....	30
Viðauki 5: Upplýsingar frá verkefnisstjóra 20. apríl 2010	32

Samantekt á niðurstöðum úttektar

Það er mat úttektaraðila að almennt virðist hafa gengið illa að vinna þetta þróunarverkefni eins og því er lýst í samning.

Skólunum gekk illa að skipuleggja sig, koma sér saman um áherslur, finna tíma í vinnuna, og koma sér inn í þann nýja hugsunarhátt sem nauðsynlegur er til að vinna þróunarvinnu af þessu tagi. Að endingu var verkefninu skipt upp í mörg smærri verkefni að eigin vali. Þetta virðist hafa leitt til þess að ekki tókst að beina sjónum að þeim markmiðum sem sett voru í samning, heldur dreifðist vinnan of mikið og blandaðist um of inní aðra skipulagsvinnu í skólunum og dagleg störf.

Víða í gögnum má sjá tregðu til að taka upp ný, og að því er fólki virtist erfiðari vinnubrögð. Að breyta kennsluháttum og námsmati krefst mikils af kennurum sem vanir eru að kenna og prófa.

Ráðuneytið virðist lítið hafa skipt sér af skipulagi og framvindu verkefnisins – enda var það sveitafélagið sem hafði forgöngu um að koma verkefninu af stað og tryggja því fjármagn. Síðan virðist draga úr áhuga sveitafélagsins og stjórn verkefnisins endar á hendi skólameistara Menntaskóla Borgarfjarðar (MB). Þetta er óheppileg staða, því MB er einnig einn af skólunum í verkefninu og ætti því að standa jafnfætis hinum.

Ekki verður sagt að búið sé að „byggja samfellu eða brú milli grunn- og framhaldsskóla“. Og ekki heldur „innleiða samstillingu í kennsluháttum og námsmati“, „þróa notkun upplýsingatækni“, eða „mæta ólíkum þörfum nemenda í samræmi við ný lög“. Mikið hefur verið unnið í þessum málum í skólunum öllum, en ekki verður staðfest að árangur hafi náðst nema að litlu leyti.

Veikleikar verkefnisins

- Borgarfjarðarbrúin virðist þjóna bráðgerum nemendum best.
- Skortur var á markvissri kynningu í upphafi verkefnisins sem varð til þess að skilgreiningum og skilningi á markmiðum er ábótavant meðal kennara.
- Hinn almenni kennari hefur ekki gert verkefnið að sínu þar sem miðlun bakhóps til kennara er ábótavant.



- Nemendur í Grunnskóla Borgarness njóta betri þjónustu í Menntaskóla Borgarfjarðar en aðrir grunnskólar sem eru í meiri fjarlægð frá honum.
- Hlutur menntaskólans virðist vera of fyrirferðamikill í verkefninu.
- Sveitastjórnin dró sig í hlé og skildi eftir eyðu hvað varðaði stjórn verkefnisins.
- Sveitastjórnin rak námsráðgjafann án samráðs við aðra.
- Verkefnisstjóri var ekki ráðinn fyrr en á öðru ári verkefnisins.
- Skortur á samræmdum skýrsluramma fyrir skólana til að auðvelda markvisst mat á stöðu verkefnisins.
- Verkefnaskjölun er ábótavant.
- Námskrárvinnan er of flókin enda hefur ekkert endurmat átt sér stað til að einfalda þá vinnu. Þetta virðist bitna á vinnu faghópa.
- Þetta þróunarverkefni er líklega full umfangsmikið og flókið sem eitt verkefni.

Styrkleikar verkefnisins

- Verkefnið rauf að hluta faglega einangrun kennara og jók starfsánægju margra þeirra.
- Fagleg umræða kennara hefur styrkst og eflst.
- Kennarar vilja að fagleg umræða haldi áfram þó verkefninu ljúki formlega.
- Margt er í vinnslu eins og námsmat og kennsluhættir, og þróunarvinna í gangi.
- Umræða um upplýsingatækni er komin af stað.
- Bakhópur ánægður með þá fundi sem haldnir hafa verið.
- Ráðning verkefnissjóra skipti máli fyrir verkefnið.

Ávinningur af verkefninu

Ávinningur er af verkefninu þegar litið er til mikillar vinnu við námsskrárgerð og námsmat sem er líkleg til að nýtast öðrum skólum.

Hægt er að staðfesta að breyting hefur orðið á starfsháttum og samstarfi innan og á milli skólanna allra í jákvæða átt.

Ávinningur er af því fyrir skólasamfélagið að fram kemur í þessu verkefni mikilvægi þess að gæta hagsmuna allra nemenda, ekki fáeinna.

Með þróunarverkefni eins og þessu sem tengist grundvallarþáttum skólastarfs á tveimur skólastigum er efnt til gróskumikillar faglegrar umræðu. Sú umræða leiðir líklega til betra skólastarfs fyrir nemendur og kennara og aukinnar starfsánægju beggja.

Markmið tilraunaverkefnisins Borgarfjarðarbrúin

Upphaf þessa verkefnis má rekja til bréfs Páls S. Brynjarssonar, Borgarbyggð, til þáverandi menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, dags. 28.11.2006, þar sem lagt er til við ráðherra að skipa 6 manna vinnuhóp sem „geri tillögu til ráðherra um fyrirkomulag verkefnis þar sem unnið verði að þróun námsskrár grunnskóla í breyttu umhverfi sem tæki mið af nýrri og breyttri námsskrá fyrir framhaldsskóla og starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar.“

Í svarbréfi Menntamálaráðuneytisins dags. 11.01.2007 (MMR06110429/6.30.2-) er tekið undir þessa hugmynd og tilnefndir tveir fulltrúar ráðuneytisins í starfshópinn.

Verkefnið hófst árið 2007 og var skipt í þrjú áfanga sem er lýst í Framkvæmdaáætlun 2007 á vefsíðu verkefnisins (<http://bruin.borgarbyggd.is/framvinda/>). Í meginráttum var áætlunin þannig:

Fyrsti áfangi:

- Stýrihópur vinnur þróunaráætlun í samvinnu við bakhóp.
- Skoða tengsl unglíngastigs grunnskólans við framhaldsskólann, þ.e. mynda samfellu í námi nemenda frá 7. bekk grunnskóla til loka framhaldsskólans.
- Kynna þróunaráætlun kennurum og öðru starfsfólki skólans á vordögum (2007).

Annar áfangi:

- Leggja áherslu á innleiðingu nýrrar aðalnámsskrár.
- Fara í gegnum faggreinanámsskrárnar og skoða þær heildrænt frá upphafi náms í viðkomandi námsgrein.
- Fagstjórategymi stefna á að ljúka þessum hluta í janúar 2008.
- Fara í gegnum skólanámsskrárnar þvert á árganga og raða markmiðum á árgangana. Áætlað að ljúka vorið 2008.



Þriðji áfangi:

- Unnið að þróun og samþættingu nýrra kennsluhátta og námsmats í grunnskólunum og menntaskólanum.
- Unnið að þróun náms- og starfsráðgjafar í samstarfi við menntaskólann.
- Meta og endurskoða vinnu með aðstoð sérfræðinga á tímarpunktum sem verða skilgreindir í þróunaráætlun.
- Þessi áfangi stendur yfir skólaárin 2008-2009 og 2009-2010.

Þróunaráætlun vegna Borgarfjarðarbrúar er á heimasíðu verkefnisins (<http://bruin.borgarbyggd.is/framvinda/throunaraaetlun-2007-2008>). Engin skýr verkáætlun með áföngum, skilum og tímasetningum er sett fram, en starfslýsingar og hlutverk eru skilgreind. Óljóst er hvenær þessi áætlun er gerð (vantar dagsetningu og höfund).

Engin formleg endurskoðun eða breyting á meginmarkmiðum verkefnisins eða áætlun hefur farið fram og verið samþykkt af stýrihópi. Þetta var borið undir verkefnisstjóra til staðfestingar 20. apríl 2010, og var svarið svohljóðandi: „Hún hefur verið endurskoðuð óformlega jafnt og þétt þó svo að sú upprunalega sé á heimasíðunni“ (sjá viðauka 5). Ekki er hægt að styðjast við önnur gögn í þessari úttekt en þau sem eru formleg og staðfest og aðgengileg sem heimild, þannig að þessi framkvæmdaáætlun telst enn vera í gildi.

Umfang og markmið úttektar á Borgarfjarðarbrúnni

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MMR) sendi Hitt og Þetta ehf (www.hittog.com) „Erindisbréf vegna úttektar á tilraunaverkefninu Borgarfjarðarbrú“, þann 26. Febrúar 2010 (MMR10010493/6.14.0-).

Þar segir:

„Meginmarkmið með úttekt á Borgarfjarðarbrúnni er að meta hvernig til hefur tekist að skapa samfellu milli grunn- og framhaldsskóla og innleiða samstillingu í kennsluháttum, námsmati og notkun upplýsingatækni í skólastarfi í grunnskólum Borgarbyggðar og Menntaskóla Borgarfjarðar (MB) og mæta þannig ólíkum þörfum nemenda í samræmi við ný lög um grunn- og framhaldsskóla.“

Úttektin skal unnin á tímabilinu mars til maí 2010, og byggja á fyrirliggjandi gögnum og viðtölum. Úttektarskýrslu skal skilað til MMR fyrir 15. maí 2010, og hefur formaður stýrihóps tvær vikur til að gera efnislegar athugasemdir við lokadrög skýrslunnar. Úttektaraðilar meta síðan hvort og hvernig tekið er tillit til athugasemda við lokagerð skýrslunnar.

Þeir skólar sem taka þátt í verkefninu eru:

- Grunnskóli Borgarfjarðar (Hvanneyri og Kleppjárnsreykir)
- Grunnskólinn í Borgarnesi.
- Grunnskólinn á Varmalandi.
- Laugagerðisskóli.
- Menntaskólinn í Borgarnesi.

Fjármál verkefnis eru utan sviðs þessarar úttektar.

Framkvæmd úttektar

Úttektin var gerð samkvæmt hefðbundnu verklagi við úttektir af þessu tagi (Project Auditing), og farið eftir skilgreiningu á umfangi, markmiðum, viðföngum, tímasetningu, og skilakröfum eins og sett er fram í erindisbréfi MMR. Byggt var á viðtölum við þáttakendur í verkefninu og rýni fyrirbyggjandi gagna.

Ákveðið var að ræða við alla þá sem ráðuneytið tilgreindi í erindisbréfi sínu hvern og einn. Skólarnir voru heimsóttir og viðtölin fóru þar fram sem einstaklingsviðtöl. Þessar heimsóknir gáfu úttektaraðilum upplýsingar um aðstæður á hverjum stað. Að mati úttektaraðila þótti ekki viðeigandi að tala við þáttakendur í hópum eða á annan hátt en augliti til auglitis. Tveir úttektaraðilar voru í viðtölunum, spyrill og ritari. Sami viðtalsvísir var notaður í öllum viðtölunum til að tryggja samræmi í spurningum sem lagðar voru fyrir viðmælendur, og allir fengu sama tíma til að tryggja jafnræði. Viðtal við Ingvar Sigurgeirsson, ráðgjafa, fór fram símleiðis.

Viðtölin fóru fram í lokuðu rými án truflunar og þáttakendur gáfu góðfúslega leyfi til upptöku viðtalanna. Viðtölin voru rituð um leið og þau fóru fram en upptökur notaðar við lokafrágang til að tryggja réttmæti.

Eigindleg aðferð var notuð til að greina áherslupætti í viðtölunum og dregin var fram orðrétt frásögn, skáletruð í texta innan gæsalappa til að auka trúverðugleika greiningarinnar.

Allir þáttakendur tóku úttektaraðilum vel og viljum við koma á framfæri þakklæti okkar fyrir samvinnuna.

Listi yfir þáttakendur í viðtölum er birtur í viðauka 1.



Niðurstöður úr viðtölum við þátttakendur

Markmið

Telur þú að markmiðum hafi verið náð?

Flestir svara því að markmiðum hafi ekki verið náð að öllu leyti enda sé það sjaldnast hægt í þróunarverkefnum sem þessum. Byrjunarerfiðleikar hafi verið verulegir „*var í rosalegri þoku í byrjun*”. Hins vegar hafi verkefnið stuðlað að mikilvægu samtali og samráði milli skólanna sem ekki var fyrir og flestir telja það mikilvægasta ávinning verkefnisins og vilja halda því áfram þó verkefninu ljúki. Fram kom að MB hafi leitt vinnuna að miklu leyti og grunnskólarnir reynt að uppfylla kröfur MB „*það sem kom fram á fyrstu fundum sem þeim fannst ábótavant, kennurum í Menntaskólanum, var sjálfstæði og ábyrgð nemenda*”. „*MB farið fyrir með breytta kennsluhætti og námsmat og grunnskólinn fylgt með*”. Hljómaði eins og eitt af meginmarkmiðum verkefnisins væri að undirbúa nemendur grunnskólanna undir nám í MB. Margir bentu á að ekki færu allir grunnskólanemendur í héraðinu í MB.

Fram kom að stýrihópur var virkur fyrsta árið en eftir það stýrði bakhópur verkefninu og flestir tóku fram að vinna faghópa hefði verið gríðarlega mikils virði þar sem kennarar innan fags hefðu haft tækifæri til að hittast og hafa samráð, töldu að það hefði skilað miklu til nemenda og kennara. „*Faghópar, skipta miklu máli, eru þungamiðja*”. Nokkrir bentu á að ekki hefði bakhópi alltaf tekist að skila upplýsingum til kennara af sínum fundum og oft hefði gengið erfiðlega að fá alla til beinnar þátttöku í verkefninu. „*Kennarar gerðu þetta ekki að sínu*”. Þarna kemur fram vísbending um að þeir sem tóku virkan þátt í starfi Borgarfjarðarbrúarinnar hafi litið það öðrum augum en hinn almenni kennari í grunnskólanum.

Fram kom hjá nær öllum að þeim fannst Borgarfjarðarbrúin fyrst og fremst þjóna bráðgerum nemendum í efstu bekkjum grunnskólans. „*Brúin mætir náttúrlega mest þörfum þeirra sem eru klárastir...síður þeirra sem eru seinfærir*”. „*Bráðgerir nemendur þurfa ekki að bíða í grunnskólanum eftir að eitthvað gerist....dagurinn líði....eða eitthvað*”. Margir tóku fram að meðalnemandi grunnskólans nyti ekki beinlínis góðs af verkefninu sem slíku en óbeint af samráði kennara og meiri samskiptum milli skólanna.



Hvað hindraði að markmiðin næðust?

Skortur á upplýsingum og skilgreining verkefnisins hafi verið hamlandi fyrsta árið. Byrjunarerfiðleikar voru verulegir og þátttakendur vissu oft ekki til hvers var ætlast af þeim eða hvernig átti að leysa hagnýt atriði. Tíð mannaskipti hefðu truflað mikið. Einnig gengið illa að skila hugmyndafræðinni til þátttakenda. „*Það sem hindrar í svona samstarfsverkefni er að fá hugmyndafræðina til að virka alla leið frá stjórnendum og niður...með öllu starfsfólkinu*”. Stjórn verkefnisins virtist hafa hamlandi áhrif. „*Kennarar allir gerðu þetta ekki að sínu. Fannst þetta koma svolítið að ofan...frá Borgarbyggð, sem ákvað að fara í þetta verkefni....kynning í upphafi ekki nógu góð*”. Tímaskortur og vegalengdir töfðu fyrir verkefninu að mati flestra viðmælenda. Nokkrir sögðust ekki hafa áttað sig á hlutverkum hópanna eins og stýrihóps eða bakhóps. Eftir að verkefnisstjóri var ráðinn á öðru ári verkefnisins hafi myndast góð vinnuskilyrði og utanumhaldið verið gott að mati allra.

Telur þú að færri markmið hefðu þjónað verkefninu betur?

Flestir svöruðu þessu neitandi en minnst á að áherslur hefðu verið mismunandi í skólunum og fram kom að líklega hefði verið betra að einbeita sér að áttunda bekk og uppúr strax í byrjun en ekki vera með alla bekkina í upphafi. Nokkrir nefndu að byrjun verkefnisins hefði verið of víð og sennilega hefði verið betra að einbeita sér að námsmati og kennsluháttum strax í upphafi en um þetta voru skiptar skoðanir og flestir voru á því að hin yfirlýstu markmið hefðu verið hæfilega mörg í upphafi en leiðirnar sem farnar voru hefði mátt skilgreina skýrar.

Stjórnun

Telur þú að verkstjórn hafi verið viðunandi í verkefninu?

Flestir tóku skýrt fram að eftir að verkefnisstjóri tók að sér verkefnið þá hafi það farið að ganga miklu betur. Stýrihópurinn hafi verið fjarlægur en bakhópur og faghópar gengið vel. Fram kom að fljótlega hefði Ársæll skólmeistari MB haft mest tengsl við ráðuneytið en grunnskólafólkið mjög sjaldan haft samband við það. „*Eðlilegra að sveitafélagið hefði forystuna....tryggði þannig á eðlilegri hátt þarfir og hagsmuni grunnskólanna...sem eru*



marginir”. Kallað var eftir meiri þátttöku grunnskólastjóranna í verkefninu. „*Hefði viljað sjá alla skólastjóra grunnskólanna með okkur í bakhópsvinnu...alltaf*”.

Hvernig nýttust fundirnir að þínu mati?

Flestir taka fram að fundirnir hafi nýst vel á síðasta sprettinum og nefna að eftir að verkefnisstjórinn tók við væru þeir markvissari, skýrslugerð góð og vefsíðan nýtanlegri. Fram kom að fundir stýrihóps voru margir í upphafi en ákveðið hafi verið að bakhópur tæki forystuna í hinni eiginlegu vinnu og að stýrihópur sæi um fjármálin. Fagleg vinna yrði í höndum bakhóps sem virtist fara vel í þátttakendur. „*Bakhópur hefur unnið mjög vel. Mætti vera meira samstarf skólastjóra*”. Faghópar vinna flestir vel og virðast skila góðri samvinnu í flestum tilvikum þó einhverjir hópar hafi leyst upp. „*Áður en Brúin kom til var ekki mikið samstarf milli skóla og kennara. Fólk þekktist ekki og í faghópunum var ekkert samstarf milli kennara*”. Fundirnir virðast hafa nýst á marga vegu. „*Gott að hafa tilgang til að vinna saman faglega og hafa verkefni. Hefur tvennan tilgang...verkefnið og stuðningur á erfiðum tímum*”. Margir nefndu að upplýsingamiðlun hefði verið góð á fundunum í seinni hálfleik verkefnisins en sumum fannst þeir strjálir.

Var samfella í dagskrám fundanna?

Flestir sammála að samfella í dagskrá funda hefði náðst eftir að verkefnisstjórinn hóf störf. Fáeinum fannst samræðan stundum fara út um víðan völl og að hinn almenni kennari hefði verið utangáttar og ekki notið samræðunnar sem fram fór á fundunum, hún hefði ekki skilað sér til hans.

Mat

Hverja telur þú meginstyrkleika verkefnisins?

Allir eru sammála um að samstarf á milli skólastiganna sé mesti styrkleiki verkefnisins. „*Augljóslega þetta samstarf sem við höfum, að búa til heild*”. „*Fagleg umræða hefur*



stóraukist og stórbreyst”. Flestir eru ánægðir með að tækifærið var gripið og farið af stað með verkefnið þegar það var gert. „*Þetta er mikill styrkleiki að þetta tækifæri hafi verið gripið og framkvæmt. Að tala saman á þessum skólastigum*”. Margir komu að einstökum þáttum eins og námsmati og kennsluháttum. „*Samstarfið, mjög til góðs. Ferð að hugsa meira um kennsluhætti og námsmat. Skoðum þetta öðruvísi en ef verkefnið hefði ekki verið*”. Nokkrir minntust á faglega undirbúninginn á þann hátt að nú stæðu þeir betur varðandi undirbúning nemenda fyrir framhaldsskólanám en áður. „*Hvaða væntingar gera framhaldsskólarnir til okkar og öfugt? Náð að tala saman*”. Nokkrir minntust á að nú væri betur komið til móts við getumeiri nemendur en áður. „*Erum nú að koma betur á mótí getumiklum nemendum...Brúin virkar betur fyrir þá*”. Flestir töldu styrkleika einnig felast í því að samstarf milli skólanna myndi halda áfram þó Borgarfjarðarbrúarverkefninu lyki.

Hverja telur þú meginveikleika verkefnisins?

Flestir nefna að stjórnun hafi verið áfátt í upphafi og að kynning verkefnisins hafi verið ómarkviss enda hafi margir ekki áttað sig á hver hugmyndafræðin væri á bakvið verkefnið. Þetta hafi breyst eftir því sem á leið og með tilkomu verkefnisstjóra hafi framvinda verkefnisins stórlagast. Samfélagið hafi verið óupplýst um verkefnið og þar með taldir foreldrarnir. „*Upplýsa meira samfélagið um verkefnið...t.d. foreldrana*”. „*Hví ekki skrifa í Skessuhornið? Gefa út bæklinga ...í allt héraðið*”. Flestir telja það veikleika að verkefnið gagnist fyrst og fremst bráðgerum nemendum en ekki meðal- og seinfærum nemendum. „*Ekki nýst öllum nemendum*”. Fram kom að aðkoma sveitarfélagsins var lítil að verkefninu. Það kom inn í upphafi en datt út fljótlega og þess vegna varð skortur á samráði. „*Sveitafélagið rak t.d. námsráðgjafann sem var ráðinn sem sameiginlegur á báðum skólastigum og partur af þessu verkefni....svonalagað hefði mátt vera meira samráð um*”. Sú skoðun var sett fram að tíðar mannabreytingar hjá stjórnendum hefðu truflað starfið og ofuráhersla á þróun Menntaskólans. „*Það er engin ástæða að ætla að allir nemendur í héraðinu hafi áhuga á þessum menntaskóla og engin ástæða til að beina þeim öllum í hann*”. Fram kemur að sumir hafi staðið utanvið verkefnið. „*Þeir sem eru í verkefninu eru beintengdir...en hinir standa utanvið og finnst þeir útundan*”.



Áhersluþættir varðandi meginmarkmið verkefnisins

Hér verða dregnir út sérstaklega þeir áhersluþættir sem varða meginmarkmið verkefnisins:

Að skapa samfellu milli grunn-og framhaldsskóla

Flestir töldu að samfella milli skólastiganna birtist helst í efstu bekkjum grunnskólans og þá sérstaklega frá 8. bekk og uppúr. Samræmd stundaskrá virðist hafa verið milli MB og Grunnskólans í Borgarnesi fyrsta árið sem verkefnið stóð en síðan ekki. Mismunur er á viðhorfum til samfella milli skólastiganna eftir grunnskólum. Þeir skólar sem hafa mesta tilfinningu fyrir samfella eru Grunnskólinn í Borgarnesi, Grunnskólinn á Varmalandi og Laugagerðisskóli. Samræming stundaskráa hefur truflað og fjarlægð við MB einnig. Ársæll skólameistari MB talar um samfelluna á þann hátt að nú standi yfir vinna við námskrárgerð frá 8. bekk upp í stúdentspróf í einstökum námsgreinum með öllum skólunum. Þetta kemur ekki eins glögg fram hjá öllum grunnskólunum.

Að innleiða samstillingu í kennsluháttum og námsmati

Grunnskólarnir virðast vera komnir mislangt á veg í þessu og ber nokkuð mikið á milli. Í Grunnskólanum á Varmalandi virðast prófdagar vera aflagðir að mestu og nemendur vera í stanslausu símati, einnig kemur fram að þar meta nemendur eigin fammistöðu. Annars vegar er þar prófseinkunn og hins vegar skólaeinkunn. Grunnskólinn í Borgarnesi endurskoðaði námsmatið til samræmis við MB og reynir þannig að hafa áhrif á kennsluhættina. Grunnskóli Borgarfjarðar á Kleppjárnsreykjum tekur fram að þar sé verið að reyna að samræma námsmatið á þann hátt að MB fái upplýsingar sem þeir geti notað til að meta nemendur inn í skólann. Laugagerðisskóli virðist einnig vinna á þann hátt. Ársæll skólameistari MB telur að breytt námsmat sé forsenda breyttra kennsluhátta.

Notkun upplýsingatækni í skólastarfi

Mikill munur er á notkun upplýsingatækni í skólunum. Skólarnir og nemendur eru misvel búnir að tölvum og aðgengi að þeim. Í Grunnskólanum á Varmalandi virðist notkunin vera í

góðu lagi og þvert á námsgreinar. Grunnskólinn í Borgarnesi hefur ekki staðið sig varðandi notkun upplýsingartækni. Töldu sig hafa verið framarlega í upphafi tölvuvæðingar skólanna en hafa dregist afturúr en stefna að úrbótum. Allir skólarnir nýta sér Mentor. Laugagerðisskóli telur fámennið þar hindra að upplýsingatækni verði nýtt í kennslu. Í MB hafa allir nemendur tölvur og aðgang að neti í námi og kennslu. Uppýsingahópurinn var eini hópurinn á Kleppjansreykjum sem starfaði í fyrra og í vetur, unnið var að verkefni með elsta nemendahópnum.

Mæta ólíkum þörfum nemenda í samræmi við ný lög um grunn-og framhaldsskóla

Fram kom að flestir telja Borgarfjarðarbrúna mæta þörfum bráðgerra nemenda fremur en meðal-eða seinfærra nemenda. Sumir tala um að einstaklingsmiðuð námskrá sé veruleiki á flestum stöðum en það virðist ekki breyta því áliti flestra að Brúin þjóni fyrst og fremst duglegum nemendum í efstu bekkjum grunnskólans.

Aðkoma ráðgjafans Ingvars Sigurgeirssonar að verkefninu

Ingvar fundaði einu sinni í mánuði með stýrihópi meðan markmið voru sett og starfsrammi settur um verkefnið. Meginráðgjöf hans var í kringum umgjörð verkefnisins.

Á síðasta skólaári, 2008-2009, heimsótti Ingvar alla skólana ásamt verkefnisstjóranum Gunnhildi Harðardóttur. Hann tók einnig þátt í ráðstefnu um verkefnið í júní 2009 en síðan hefur hann ekki komið að verkefninu. Hann var boðaður á fund með dags fyrirvara, í haust, en gat ekki mætt og síðan þá hefur hann ekki komið að verkefninu.

Mat hans er að verkið hafi farið hægt af stað en að það hafi komið þægilega á óvart hve markmiðið um samfellu milli skólastiga þróaðist vel og mikið samráð kennara milli skólastiga virtist vera til staðar.

Hann telur að margt smátt en áhugavert sé að gerast í öllum skólunum.

Niðurstöður úr rýni á fyrirbyggjandi gögnum

Verkefnisskjölun

Ekki virðist hafa verið gerður formlegur dagsettur og undirritaður verksamningur um þetta verkefni milli hagsmunaaðila, þar sem umfangi, áföngum, skilum, tímasetningum, aðföngum, o.fl. er lýst. Því verður litið á þau gögn sem getið var hér að framan (Markmið tilraunaverkefnis) sem samning (bréfaskriftir milli Borgarbyggðar og ráðuneytisins, framkvæmdaáætlun, og þróunaráætlun).

Borgarfjarðarbrúin heldur úti vefsíðu þar sem skýrslur og fundargerðir eru aðgengilegar. Auk þess hefur hver skóli vefsíðu þar sem skólanámsskrár o.fl. er birt. Ekki voru tók á að rýna önnur gögn en þessi í úttektinni, enda ekki hægt að styðjast við annað en formleg, staðfest, og aðgengileg gögn sem heimild.

Þau skriflegu gögn sem lögð voru fram í þessari úttekt eru:

- Vefsíður
- Áfangaskýrslur
- Fundargerðir
- Skólanámsskrár
- Starfsáætlanir skólanna
- Skýrslur um innra mat

Auk þess veitti verkefnisstjóri upplýsingar um stöðu mála 20. apríl 2010 (viðauki 5), og skólarnir upplýsingar um stöðu námsskrárvinnu og sjálfsmat (vefpóstur til úttektaraðila, apríl 2010).

Allir skólarnir halda úti vefsíðum þar sem koma fram upplýsingar um skólann, skólastefnu, skólanámsskrár, og skólastarfið almennt. Almennur hluti skólanámsskrár og bekkjarnámsskrár eru birtar á heimasíðu, en skólarnir eru flestir að færa þessar upplýsingar yfir í Mentor.

Á vefsíðu Borgarfjarðarbrúarinnar eru m.a. fundargerðir og áfangaskýrslur um verkefnið.

Þar eru 9 fundargerðir bakóps og ein fundargerð stýrihóps. Fyrsta fundargerð bakhóps er frá 29. apríl 2009 og sú síðasta frá 17. mars 2010. Fundargerð stýrihóps er frá 2. mars 2010. Verkefnisstjóri ritar allar fundargerðir, en sú staða var ekki skipuð fyrr en í október 2008. Ekki voru tök á að rekja fundargerðir frá upphafi, byrjun árs 2007 þegar MMR skipar fulltrúa í stýrihóp, þar til í apríl 2009. Fram kom í viðtölum að fundir stýrihóps hafi verið margir í upphafi, en ákveðið hafi verið að bakhópur tæki forystuna í hinni eiginlegu vinnu og að stýrihópur sæi um fjármálin.

Áfangaskýrslur Borgarfjarðarbrúarinnar eru tvær, fyrir skólaárið 2007-2008, og 2008-2009. Þar er verkefninu lýst og lagt mat á niðurstöður og árangur dreginn saman. Skólarnir leggja hver fram sína skýrslu og einnig ýmsir faghópar, og segja frá því sem þeir eru að gera og hvað er framundan.

Hefðbundnar verkefnisáætlanir (Project Plan) virðast ekki hafa verið gerðar og ekki er hægt að sjá á einum stað hvernig framvinda og staða verkefnisins er á hverjum tíma miðað við samning (Project Review). Heldur er hér verið að lýsa þeirri vinnu sem er verið að vinna vítt og breitt – skólastarfinu, vandamálum, árangri, hvað sé framundan, o.s.frv. Mikið skortir á að hægt sé að fylgja framvindu þróunarverkefnisins – hvernig verkefni eru brotin niður og tímasett, hverjir hafi umsjón með verkþætti, hvort áætlun stenst, og hvernig brugðist sé við frávikum svo heildaráætlun riðlist ekki.

Þegar farið er yfir ársskýrslur skólanna er mjög svipaða sögu að segja alls staðar. Skólarnir segja frá því hvað þeir hafi verið að gera í vetur, það er hvaða hagnýt vandamál þeir hafi þurft að fást við og hvaða leiðir þeir hafi farið. En sjaldan er beinlínis fjallað markvisst um þá þætti sem skilgreindir eru í þróunarverkefninu. Hér hefði þurft samræmdan ramma fyrir skýrslurnar.

Námsskrárvinnan er t.d. ekki fyrirferðarmikil í þessum skýrslum, heldur yfirleitt getið sem „í vinnslu“.

„Námsskrárvinna faghópanna í vetur kemur til með að verða leiðarljós skólanna næsta vetur þó svo það sé í höndum hvers og eins skóla að útfæra þá vinnu.“ (viðauki 2, 17)

Einungis Grunnskólinn í Borgarnesi hefur unnið formlegar skýrslur um innra mat, alls fimm skýrslur, nú síðast með forritinu Outcome. Þessar skýrslur byggjast á könnunum sem eru lagðar fyrir nemendum, foreldra, kennara og starfsfólk, og eru fyrst og fremst gæðakannanir

(Customer Survey). Þær veita því ekki nema óbeint upplýsingar varðandi Brúarverkefnið, og ekki er hægt að bera saman skóla vegna skorts á gögnum.

Á fundi bakhóps 3. febrúar 2010 var tilkynnt að skólastjórar hefðu samþykkt að skoska matskerfið HIGOS eða Gæðagreininir (Outcome) verði tekið upp í öllum skólunum (viðauki 2, 3). Vinna við þetta stendur yfir og ekki er vitað nákvæmlega hver staðan er. Úttekt á innra mati skólanna er utan sviðs þessarar úttektar.

Listi yfir skrifleg gögn sem stuðst var við í úttekt er í viðauka 2.

Í viðauka 3 eru nokkrar tilvitnanir í fundargerðir og í viðauka 4 tilvitnanir í skýrslur er varpa ljósi á gang þróunarvinnunar.

Stjórnun

Sökum skorts á formlegum verkefnisskjölum, sem venja er að halda í verkefnum af þessu tagi (Project Records), var fremur erfitt að átta sig á framgangi og árangri verkefnisins. Því var stuðst við ýmis önnur gögn, sem fjalla bæði um verkefnið og það sem að því snýr ásamt ýmsum öðrum málum er lúta að almennum skólastörfum. Þetta þróunarverkefni er í raun töluvert umfangsmikið og flókið – líklega full umfangsmikið og flókið. Verkhættir eru margir og tengjast innbyrðis, og þátttakendur eru margir og misjafnlega undirbúnir og hvattir fyrir vinnu af þessu tagi.

Þótt lítið sé á þetta sem þróunarverkefni er æskilegt að hafa skýr markmið og ýtarlega áætlun og endurmeta reglulega vinnuna, svo hægt sé að rétta stefnuna eða beyta henni ef ástæða er til. Það verður þó alltaf að gera á formlegan hátt, þannig að stýrihópur samþykki. Gögn um hvort þetta hafi verið gert voru ekki fyrirliggjandi.

„Varðandi breytingar á verkefninu þá hefur þurft að aðlaga það. Í byrjun má segja að verkefnið hafi verið viðamikilið og skólarnir fengið of mikið frjálfsræði til að vinna að markmiðunum. Lestrarþátturinn kemur nokkuð óvænt inn í verkefnið og breytir stefnunni nokkuð. Þetta gerist á fyrsta ári verkefnisins. Á öðru og þriðja árinu er farið að afmarka vinnuna með því að setja á laggirnar faghópana og ráða verkefnisstjóra.“
(viðauki 5)

Markmið

Að skapa samfellu milli grunn- og framhaldsskóla

„Stefnt er að því að grunnskólar Borgarbyggðar verði fyrstir skóla til að innleiða nýja aðalnámsskrá og undirbúa nemendur undir 3ja ára stúdentspróf.“ (viðauki 2, 17).

Allir voru sammála um að vinna að innleiðingu nýrrar skólanámsskrár, breyttu námsmati og kennsluháttum, þróun upplýsingatækni, og að undirbúa nemendur betur fyrir framhaldsnám. En ekki endilega að búa nemendur undir nám við Menntaskólann í Borgarnesi. Ákveðið misræmi í skilgreiningu og skilningi á markmiðum og umfangi á milli þáttakenda er einn af veikleikum þessa verkefnis að mati úttektaaðila.

Úr vorskýrslu Varmalandsskóla veturinn 2008-2009 (viðauki 2, 17):

- „Flæðinámshugmyndin sem menntaskólinn setti á oddinn og Varmalandsskóli greip á lofti reyndist af ýmsum ástæðum ótímabær.“
- „Hindrun á þeirri leið reyndist sú að ekki var búið að samræma námsskráráherslur grunnskólans og menntaskólans.“
- „Sú vinna er reyndar í gangi og myndaðir hafa verið starfshópar kennara af báðum skólastigum í einstökum námsgreinum. Þessir hópar hafa verið misvirkir og í sumum tilvikum hefur vinna þeirra verið handahófskennd.“

Í fundargerð bakhóps frá 17. mars 2010 (viðauki 2, 1) segir:

„Í lokavinnu hópanna þarf að koma fram hvar skörunin á milli skólastiga er og hverju má þá sleppa á hvoru skólastigi fyrir sig.“

Ljóst er að enn er nokkuð langt í land þar til Brúin milli þessara skólastiga verður tilbúin. Vinnan er þó orðin mun markvissari núna þegar þessi úttekt fór fram.

Að innleiða samstillingu í kennsluháttum og námsmati

Allir skólarnir vinna nú eftir nýjum námsskrám í samræmi við aðalnámsskrá (viðauki 5). Misjafnt er hve langt þeir eru komnir og hvaða leiðir þeir hafa farið, en faghópar „vinna allir eftir nýrri námsskrá“ (viðauki 5).



Erfitt reyndist að fá skýra stöðu í vinnu faghópa vegna Brúarinnar. Því er ekki hægt að meta þennan hluta verkefnisins öðruvísi en að hann sé „í vinnslu“. Mjög misjafnt virðist hve langt hópar eru komnir, hve skipulega og markvisst þeir vinna, hver þátttakan er, og hve miklum tíma þeir verja í þetta.

„Fyrri árið fengu faghóparnir nokkuð frjálssar hendur um vinnu en nú í vetur var útbúinn leiðarvísir, sem hóparnir fara eftir.“ (viðauki 5)

Námsskrárvinnan er einn stærsti flækjuþáttur þessa þróunarverkefnis. Ekki einungis eru grunnskólarnir að uppfæra sínar skólanámsskrár í samræmi við nýja aðalnámsskrá frá 2007, og eiga að vera búnir að þessu í árslok 2010, heldur eru þeir í leiðinni að reyna að samræma þær við námsskrár Menntaskólans í Borgarnesi. Skólarnir verða líka að samræma námsskrárnar sín á milli til að flækjustigið við samræmingu við MB verði ekki óyffirstíganlegt. Á sama tíma eiga skólarnir að marka sér sérstöðu – ekki vera allir eins. Okkur virðist sem menn hafi ekki áttað sig á hversu flókið þetta verkefni er í raun og veru þegar lagt var af stað. Í stað þess að endurmeta stöðuna þegar ljóst var í hvað stefndi var verkefninu haldið til streitu, enda þótt ákveðnar forsendur hefðu breyst sem orsökunni óvissu um framhaldið. Þetta er einn af stærstu veikleikum verkefnisins að okkar mati.

Sama má segja um námsmatið – ekki er hægt að tala um sameiginlega stöðu:

„Skólarnir voru mjög mislangt komnir í námsmati í upphafi og eru það enn. Menntaskólinn markaði sína stefnu við stofnun skólans og hefur fylgt henni allan tímann. Markmið skólans um breytt námsmat og kennsluhætti voru ljós í upphafi og hefur þeim verið náð.“ (Verkefnisstjóri, vefpóstur 21.04.2010).

Ýtarleg skoðun á skólanámsskrám grunnskólanna og samanburður við aðalnámsskrá og úttekt á stöðu hvers skóla fyrir sig er ekki innan sviðs þessarar úttektar. Reynt er að meta stöðu verkefnisins í heild.

Notkun upplýsingatækni í skólastarfi

Menntaskólinn í Borgarnesi stendur vel í tölvumálum og notkun upplýsingatækni,..... „en ljóst er að grunnskólarnir þurfa að standa betur að verki þegar að upplýsingamennt kemur“ (viðauki 2, 17).

Nokkurs ruglings virðist gæta á hugtakinu upplýsingatækni. Sumir virðast skilja það sem „að kunna á tölvur“, og vilja láta sérstaka tölvukennara kenna þetta. Aðrir líta á þetta sem sjálfsagt verkfæri í skólastarfinu og vilja láta fagkennara sýna nemendum hvernig þetta tæki er notað í viðkomandi fagi. Enn aðrir líta svo á upplýsingatækni sem einhvers konar bókasafnsfræði, það er að leita að og flokka upplýsingar.

Lítið átak virðist hafa verið gert í Brúarverkefninu til að samræma skilning á þessu verkefni og virkja í skólastarfinu.

Mæta ólíkum þörfum nemenda í samræmi við ný lög um grunn- og framhaldsskóla

„Ráðinn var námsráðgjafi sem starfar í öllum skólunum og kom það fyrirkomulag mjög vel út. Hann var einn hlekkurinn í því að tengja skólana og skólastigin saman.“ (viðauki 2, 20)

„Ljóst er að breytingar eru orðnar á verkefninu þar sem tvö af þremur aðalmarkmiðum verkefnisins hafa því miður verið felld niður einhliða annars vegar af sveitarfélaginu Borgarbyggð og hins vegar af Menntamálaráðuneytinu. Ekki er lengur starfandi námsráðgjafi við grunnskólana eins og upp var lagt með og einnig hefur Menntamálaráðuneytið lagt bann við því að nemendur stundi nám á tveimur skólastigum. Stýrihópur á eftir að fjalla um þessa breyttu stöðu.“ (viðauki 2, 8)

Námsráðgjafinn var augljóslega lykilpersóna í að meta og styðja við nemendur með ólíkar þarfir og brotthvarf hans var því mikið bakslag fyrir þennan þátt í verkefninu. Þörf virðist á að endurvekja embættið ef mæta á þessu markmiði.

„Auk þess hefur hópurinn beint sjónum sínum að málefnum seinfærra nemenda, sem er sá hópur sem hættast er við að flosni upp frá námi þegar í framhaldsskólann kemur. Hvernig geta skólarnir komið til móts við þá nemendum sem ekki ráða við meðalhraða í námi í 8.-10. bekk? Að okkar mati getur flæðinám (hver nemandi fer á sínum hraða upp menntastigann) einmitt nýst þessum nemendum. Þá þarf menntaskólinn að vera tilbúinn að taka við þessum nemendum og halda áfram þar sem frá var horfið í grunnskóla.“ (viðauki 2, 17).

 Hitt og Petta ehf.

Þótt ekki beri mikið á umræðu um þennan þátt verkefnisins virðist hér a.m.k. vera komin ágætis vísbending. Fram kemur í viðtölum við kennara að þeir telja að Brúarverkefnið taki meira mið af bráðgerum nemendum en meðal- eða seinfærum nemendum.



Þakkir fyrir veitta aðstoð

Allir þátttakendur í úttektinni tóku úttektaraðilum vel og viljum við koma á framfæri þakklæti til þeirra.

Við þökkum verkefnisstjóra fyrir aðstoð við öflun upplýsinga við samantekt skýrslunnar, og formanni stýrihóps fyrir ábendingar við lokadrög þessarar úttektarskýrslu.



Viðaukar

Viðauki 1: Listi yfir þáttakendur í viðtölum.

BORGARFJARÐARBRÚIN – fulltrúar í Stýrihópi og Bakhópi

Nafn	Hlutverk	Skóli/Embætti	Staður	Tími
Ársæll Guðmundsson	Stýrihópi og Bakhópi, formaður	Skólameistari MB	Borgarnes	Mánud 15.03
Lilja S. Ólafsdóttir	Stýrihópi og Bakhópi	Aðstoðarskólameist. MB	Borgarnes	Mánud 15.03
Ásthildur Magnúsdóttir	Stýrihópi og Bakhópi, fulltr. Borgarbyggðar	Fræðslustjóri BB	Borgarnes	Föstud 12.03
Sigurjón Mýrdal	Stýrihópi	Deildarstj. Námskr. MMR	Reykjavík	
Hilmar Már Arason	Bakhópi	Aðst. Skólastj. Grunnsk. BN	Borgarnes	Föstud 12.03
R. Kristín Einarsdóttir	Bakhópi	Deildarstj. Grunnsk. BN	Borgarnes	Föstud 12.03
Aldís Eiríksdóttir	Bakhópi	Aðst. Skólastj., Grunnsk. BF	Kleppjárnsr	Föstud 12.03
Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir	Bakhópi - formaður	Skólastjóri Varmalandssk.	Varmaland	Mánud 15.03
Kristín Björk Guðmundsdóttir	Bakhópi	Skólastjóri Laugagerðissk.	Laugagerði	Föstud 12.03

Viðauki 2: Skrá yfir fyrirbyggjandi gögn

Á HEIMASÍÐU VERKEFNIS – BORGARFJARÐARBRÚ:
(<http://bruin.borgarbyggd.is/forsida/>), Nr. 1 - 23

AÐRAR VEFSÍÐUR: nr. 24 - 33

1. Fundargerð bakhóps 17. mars 2010.
2. Fundargerð stýrihóps 2. mars 2010
3. Fundargerð bakhópsins 3. febrúar 2010
4. Fundargerð bakhóps 13. janúar 2010
5. Fundargerð bakhóps 9. desember 2009
6. Fundargerð bakhóps 18. nóvember 2009
7. Fundargerð bakhóps frá 14. október 2009
8. Fundargerð bakhóps 17. september 2009
9. Fundargerð bakhóps 12. ágúst 2009
10. Fundargerð bakhóps 29. apríl 2009
11. Þróunaráætlun 2007 - 2008
12. Haustskýrslur faghópa
13. Lokaskýrslur 2007-08
14. Upplýsingarit 2008
15. Námskrárvinna
16. Brúarþing vor 2009
17. Lokaskýrsla 2008-2009
18. Námsmat - fyrirlestrar
19. Lokaskýrsla Grunnskólans í Borgarnesi 2007 - 2008, fylgiskjal 4
20. Lokaskýrsla grunnskólanna í Borgarfirði 2007 -2008
21. Lokaskýrsla Menntaskóla Borgarfjarðar 2007-2008
22. Umsókn til Þróunarsjóðs
23. Áfangaskýrsla til Þróunarsjóðs grunnskóla fyrir árið 2008
24. Aðalnámsskrá grunnskóla: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar/nr/3953>
25. Aðalnámsskrá framhaldsskóla: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar/nr/3954>
26. Grunnskólinn Borgarnesi: <http://grunnborg.is/>
27. Grunnskóli Borgarfjarðar: <http://www.gbf.is/>
28. Laugagerðisskóli: <http://www.laugargerdissskoli.is/>
29. Varmalandsskóli: <http://varmaland.is/>
30. Borgarbyggð: <http://borgarbyggd.is/>
31. Menntaskóli Borgarfjarðar: <http://menntaborg.is/is/news/>
32. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: <http://www.menntamalaraduneyti.is/>
33. Mentor: https://mentor.is/mentor_website/products/grundskola.aspx



Viðauki 3: Nokkrar tilvitnanir í fundargerðir.

Hér á eftir fara nokkrar tilvitnanir í fundargerðir er varpa ljósi á þróunarvinnuna.

Bakhópur:

1. *Á fundi með skólastjórum grunnskólanna og Menntaskólans sem haldinn var í júní sl. var ákveðið að aðaláherslur vetrarins í hverjum skóla yrðu breyttir kennsluhættir og námsmat. Þar var einnig ákveðið að hver skóli skipaði námsmatsteymi sem leiddi vinnuna í vetur.*
2. *Á fundi skólastjóra í vor var ákveðið að setja námsmatsteymi á í öllum skólunum. Menntaskólinn hefur sett sitt teymi af stað aðrir ekki. Skólastjórar hvattir til að koma teymisvinnu af stað.*
3. *Fyrir nokkru sendi verkefnastjóri eftirfarandi bréf til skólastjóra:
„Langar til að biðja ykkur að gera mér grein fyrir stöðu mála varðandi ákvarðandir sem teknar voru þegar við hittumst í júní og síðan frá síðasta bakhópsfundi. Hef verið að lesa yfir fundargerðir frá sl. vori og þar eru ýmsir punktar sem eru enn óljósir.““*
4. *Ljóst er að breytingar eru orðnar á verkefninu þar sem tvö af þremur aðalmarkmiðum verkefnisins hafa því miður verið felld niður **einhlíða** annars vegar af sveitarfélaginu Borgarbyggð og hins vegar af Menntamálaráðuneytinu. Ekki er lengur starfandi námsráðgjafi við grunnskólana eins og upp var lagt með og einnig hefur Menntamálaráðuneytið lagt bann við því að nemendur stundi nám á tveimur skólastigum. Stýrihópur á eftir að fjalla um þessa breyttu stöðu.*
5. *Eftir stendur þá vinna við breytingar á námsmati og kennsluháttum sem verður þá höfuðáhersla verkefnisins skólaárið 2009/2010.*
6. *Ljúka þarf vinnu við gerð námskráa valinna námsgreina frá síðasta vetri og þá sérstaklega áherslur varðandi kennsluhætti og námsmat – ákveða þarf hvað eigi að koma fram í námskránum svo fólki finnist það ekki vera í lausu lofti – Hvað er námskrá? Kannski betra að kalla þetta leiðarljós?*
7. *Þrjú skólar hafa skilað verkefnastjóra áherslupunktum. Í greinargerðunum hafa tímaáætlanir ekki komið fram og því hafa skólarnir verið beðnir um að útfæra greinargerðirnar betur.*
8. *Grunnskóli Borgarfjarðar: Unnið er að því að þróa portfoliomöppur. Leiðsagnarmatið er alfarið notað sem námsmat á yngri stigi.*
9. *Menntaskóli Borgarfjarðar: Námsmat hluti af námi. Flæðinám er nú prófað í nokkrum greinum og hafa komið upp ýmis vandamál t.d. þarf aðskilgreina betur hvað varða er – er varðan eining?*
10. *Laugargerðisskóli : Byrjaði að nota leiðsagnarmat (frammistöðumat) sl. vor. Það hefur verið einfaldað nú í haust og er nú eingöngu námsmiðað. Unnið er nú að gerð námsáætlana í Mentor.*
11. *Varmalandsskóli: Leiðsagnarmat er notað niður í yngstu bekkni en þar er notuð einfaldari útgáfa. Foreldrar hafa ekki verið duglegir að koma að námsmatinu með börnum sínum.*



12. *Grunnskólinn í Borgarnesi hefur ekki enn skilað inn skýrslu um útfærslu þeirra á námsmatsvinnu í vetur. Þá hefur Menntaskóli Borgarfjarðar ekki skilað inn útfærslu á sinni vinnu. Óskað er eftir því að skólarnir skili þessum skýrslum hið fyrsta. „*
13. *Í Laugagerðisskóla er byrjað að safna í portfolio möppur og gengur sú vinna samkvæmt áætlun.*
14. *Í Grunnskóla Borgarfjarðar er áfram unnið að portfolio möppum og gengur sú vinna samkvæmt áætlun.*
15. *Í MB rætt um að Náms skjár sé í raun rafrænt portfolio*
16. *Í Grunnskólanum í Borgarnesi er að fara af stað vinna við að endurskoða leiðsagnarmatið.*
17. *Í Varmalandsskóla er áfram unnið að protfolio möppum.*
18. *MB og Grunnskólinn í Borgarnesi hafa enn ekki skilað inn skipulagi um vinnu í vetur.*
19. *Varmaland. Námsstaða og líðan metin. Illa hefur gengið að fá foreldrana til að meta. Auk leiðsagnarmatsins er notað símat sem tengist námslegri getu.*
20. *Grunnskóli Borgarfjarðar. Matblaðið hefur verið einfaldað frá því í fyrra. Illa gengur að fá foreldrana til að meta heima með börnum sínum. Leiðsagnarmatið eingöngu notað sem vinnueinkunn.*
21. *Grunnskólinn í Borgarnesi. Unnið hefur verið að þróun og breytingum sl. 15 ár. Matinu var breytt síðastliðið haust og rímar það nú við einkunnarorð skólans og uppbyggingarstefnuna. Símat er einnig notað til hliðar við frammistöðumatið. Frammisstöðumatið er notað frá 3. bekk. Byrjað er að vinna með námsframvindu í íslensku, 2 þrep eru í hverjum árgangi samtals 20 þrep. Námsframvindan rímar við flæðinámið.*
22. *Laugargerðisskóli. Mat er lagt á líðan, hegðun, stundvísi og fl.. Á elsta stigi eru grunngreinarnar eingöngu metnar.*
23. *Menntaskóli Borgarfjarðar. Skólinn hefur unnið eftir hugmyndum leiðsagnarmats frá upphafi. Til viðmiðunar fyrir kennara hafa meginlínur verið settar á þrískiptingu kennslustunda í fagtíma, vinnutíma og leiðsagnartíma. Vörður hafa fest sig í sessi sem formleg endurgjöf þrisvar á önn. Verið er að vinna í að samræma endurgjöf milli kennara og milli greina. Hver og einn kennari setur í áfangalýsingu og kennsluáætlun form námsmats og innihald áfanga.*
24. *Umræður sköpuðust um próf og töldu sumir það mikilvægt að nemendur grunnskóla kynnu að setjast niður og taka próf. Bent var á að kennarar kenndu nemendum ekki að taka próf.*
25. *Skólastjórnarnir samþykktu einnig að skotska matskerfið HGIOS eða Gæðagreinar yrði tekið upp í öllum skólunum. Í Varmalandsskóla og í Laugargerðisskóla er vinna hafin með Gæðagreina.*
26. *Í lokavinnu hópanna þarf að koma fram hvar skörunin á milli skólastiga er og hverjum má þá sleppa á hvoru skólastigi fyrir sig. Ný drög að námskrám má nú finna inn á stjrn.is, hópstjórnar þurfa að kynna sér þær.*



Stýrihópur

1. *Rifjuð var upp saga verkefnisins frá upphafi og til dagsins í dag. Þar kom m.a. fram að frumkvæði verkefnisins hafi komið frá Sveitarfélaginu Borgarbyggð og grunnskólunum á vordögum 2006.*
2. *Verkefnið Borgarfjarðarbrúin hefur styrkt skólana í Borgarbyggð í heild. Það hefur leitt af sér marga jákvæða hluti og dregið fram veika þætti í skólastarfinu, sem er í raun jákvætt. Það sem erfiðast hefur gengið er að framfylgja ákvörðunum bakhóps inni í skólunum.*
3. *Fram hefur komið að allir skólastjórnirnar í Borgarbyggð eru jákvæðir til áframhaldandi samstarfs. Pólítískar væringar í Borgarbyggð hafa litað verkefnið í vetur þar sem óvissa í skólamálum hefur haft áhrif á vinnu kennaranna.*
4. *Grunnskólanemendur á Brúnni eru nú 7 og halda þeir áfram til vors. Nemendur hafa verið mjög jákvæðir gagnvart verkefninu og hefur það verið hvatning grunnskólanemenda til náms.*
5. *Þátttaka ráðuneytisins í verkefninu miðaðist aðallega við að fá niðurstöður úr vinnu við námskrár.*
6. *Rætt um að samkomulag um þróunarverkefnið í upphafi sé ígildi samnings sem allir aðilar þurfa að standa við.*



Viðauki 4: Tilvitnanir í áfangaskýrslur

Hér á eftir fara nokkrar tilvitnanir í skýrslur er varpa ljósi á þróunarvinnuna.

1. *Stefnt er að því að grunnskólar Borgarbyggðar verði fyrstir skóla til að innleiða nýja aðalnámskrá og undirbúa nemendur undir 3ja ára stúdentspróf.*
2. *Í meðförum stýrihópsins þróaðist hugmyndin yfir í þriggja ára þróunarverkefni sem ætti að snúast um samfellu milli grunn- og framhaldsskóla og innleiðingu nýrrar námskrár í Borgarbyggð. Verkefnið hlaut nafnið Borgarfjarðarbrúin.*
3. *Stofnaður var bakhópur heimafólks sem samanstóð af tveimur fulltrúum frá hverjum þeirra fjögurra grunnskóla sem þátt taka í verkefninu, tveimur frá Menntaskóla Borgarfjarðar og einum fulltrúa frá Ráðhúsi Borgarbyggðar.
„Starfshópurinn fundaði 17 sinnum yfir skólaárið (2007-2008), þar sem farið var yfir stöðu mála í verkefninu, hvernig gengi í skólunum og hvert skyldi halda.*
4. *Eftir áramót hófst vinna í hverjum skóla fyrir sig við að aðlaga skólanámskránnar að nýrri aðalnámskrá. Þar sem skólarnir eru ólíkir og aðstæður í þeim misjafnar var ákveðið í bakhópnum að hver skóli fengi tækifæri til að fara sína leið í þessari vinnu þar sem það væri ekki markmið verkefnisins að steypa alla skólana í sama mótið. (Skýrsla 2007-2008).*
5. *Námskrárvinna faghópanna í vetur kemur til með að verða leiðarljós skólanna næsta vetur þó svo það sé í höndum hvers og eins skóla að útfæra þá vinnu. (Skýrsla 2008-2009).*
6. *Ráðinn var námsráðgjafi sem starfar í öllum skólunum og kom það fyrirkomulag mjög vel út. Hann var einn hlekkurinn í því að tengja skólana og skólastigin saman.*
7. *Markmið verkefnisins að efla faglegt starf milli skóla og skólastiga á sviði kennslu og ráðgjafar náðist. Hin tvö markmiðin, þ.e. að skapa samfellu á milli skólastigana og innleiðing nýrrar aðalnámskrár eru komin mislangt í skólanum.*
8. *Kennurum fannst stjórnun verkefnisins vera ábótavant.*
9. *Kennararnir hafa almennt verið mjög ánægðir með sameiginlegu fundina sem haldnir hafa verið á skólaárinu.*
10. *Eins kom fram sú gagnrýni að á tímabili upplifðu kennarar að óljóst hefði verið til hvers væri ætlast af þeim og hvert væri verið að stefna í þessu verkefni.*
11. *Nemendur sem gátu sótt áfanga í Menntaskólanum voru almennt ánægðir með þá kennslu og þjónustu sem þeir fengu í skólanum. Óánægja gæti meðal þeirra nemenda sem ekki gátu sótt tíma. Fannst þeim þeir vera afskiptir og ekki njóta nægalega góðrar kennslu né þjónustu af hálfu Menntaskólans.*
12. *Foreldrar voru almennt ekki spurðir um viðhorf sín til þessa þróunarverkefnisins.*



13. Niðurstöður upplýsingatækni hóps verða hafðar til hliðsjónar næsta vetur en ljóst er að grunnskólarnir þurfa að standa betur að verki þegar að upplýsingamennt kemur.
14. Gæta þarf betur að því að upplýsa alla kennara skólanna um það starf sem unnið er á Brúnni þar sem þeir koma ekki allir beint að verkefninu.
15. Það kom skýrt fram hjá bæði kennurum og nemendum að þeir telja leiðsagnarmat gefi gleggri mynd af námsgengi nemenda en lokamat.(MB).
16. Frá upphafi hefur gengið á ýmsu varðandi brúarvinnuna og nálgun einstakra skóla verið með ólíkum hætti og ólíkum áherslum.
17. Flæðinámshugmyndin sem menntaskólinn setti á oddinn og Varmalandsskóli greip á lofti reyndist af ýmsum ástæðum ótímabær. Varmalandsskóli var með áætlanir um flæðinám í völdum greinum frá miðstigi til unglingsstigs og þaðan yfir á framhaldsskólastigið. Hindrun á þeirri leið reyndist sú að ekki var búið að samræma námskráráherslur grunnskólans og menntaskólans. Sú vinna er reyndar í gangi og myndaðir hafa verið starfshópar kennara af báðum skólastigum í einstökum námsgreinum. Þessir hópar hafa verið misvirkir og í sumum tilvikum hefur vinna þeirra verið handahófskennd.



Viðauki 5: Upplýsingar frá verkefnisstjóra 20. apríl 2010

Svör við spurningum úttektaraðila um stöðu verkefnis

1.

a.

Varðandi þróunaráætlun verkefnisins þá er rétt að nefna að réttara heiti væri í raun verkáætlun eða verklýsing. Hún hefur verið lagfærð og endurskoðuð óformlega jafnt og þétt þó svo að sú upprunalega sé á heimasíðunni. Breytingar hafa m.a. verið eftirfarandi: formaður bakhóps er nú Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir, hlutverk fræðslustjóra er nú eingöngu að miðla upplýsingum til fræðslunefndar og sveitarstjórnar, verkefnisstjóri sér nú m.a. um fundargerðir og heimasíðu, fjármálin hafa verið flutt frá sveitarfélaginu til Menntaskólans. Námskjár er ekki lengur notaður í verkefninu og fagstjórar eru ekki við störf í grunnskólunum heldur einungis í Menntaskólanum.

b.

Unnið er eftir nýjum námskrám í öllum skólunum þó svo að skólarnir hafi farið misjafnar leiðir við innleiðinguna. Grunnskólarnir nýta sér nú flestir markmiðasetningu í Mentor og vinna samkvæmt henni.

Sambærileg vinnuþlög og eru á netinu um náttúrufræði eru til í skólunum en náttúrufræðin var sett inn sem sniðmál á sínum tíma. Þegar faghóparnir hófu vinnu var unnið enn frekar með innleiðinguna og skörunin milli skólastiga skoðuð sérstaklega. Faghópar sem eru starfandi eru upplýsingamennt, danska, samfélagsfræði, íslenska, stærðfræði og náttúrufræði. Enskuhópur starfaði sl. ár en ákveðið var að hann skyldi ekki starfa á þessu skólaári en er verið er að undirbúa sérstakt þróunaráttak í þeirri námsgrein.

c.

Varðandi þróun námsmats í grunnskólunum þá hafa skólarnir einnig haft frjálsar hendur til að vinna að breytingum hver á sinn hátt. Meðal annars hefur leiðsagnarmat verið endurskoðað og innleitt í grunnskólunum, sérstakir prófadagar verið aflagðir, munnleg próf notuð í meira mæli, unnið hefur verið að breytingum á starfseinkunum og unnið er að gerð námsferilmöppu sem fylgir nemendum milli skólastiga. Vinnustundir hafa verið nýttar í sumum skólanna og reynst vel. Þar sem skólanámskrár hafa ekki verið til hafa þær verið unnar.

Fljótlega kom í ljós á samstarfsfundum faghóps í íslensku að íslenskukunnáttu nemenda væri ábótavant og var þar sérstaklega átt við lestur, ritun og lesskilning. Því var gert áttak í öllum grunnskólunum í lestrarkennslu og farið að vinna eftir Læsi. Grunnskólarnir hafa tekið upp svo kallaða Leshringjaaðferð í ýmsum fögum s.s. íslensku, dönsku og náttúrufræði. Sú aðferð hefur einnig verið notuð í Menntaskólanum.

Þá hefur komið í ljós að kennslu í tungumálum er ábótavant í skólunum og verður brugðist við því næsta haust með námskeiðum fyrir tungumálakennara ásamt vinnu innan hvers skóla.

Menntaskólinn hefur haldið áfram að þróa sitt námsmat og gert tilraunir með flæðinám sem hefur reynst erfiðara í framkvæmt er reiknað var með. Kennslustundum er skipt upp í vinnustundir, leiðsagnartíma og innlagnartíma en enn er verið að þróa þessa skiptingu kennslunar eftir námsgreinum.



Haustið 2009 sagði Borgarbyggð upp náms – og starfsráðgjafanum og hefur enginn námsráðgjafi verið starfandi við grunnskólana í vetur. Menntaskólinn hélt ráðgjafanum áfram í hlutastarfi og jók stöðugildið um 50% frá og með vorönn 2010.

2.

Formlegt mat hefur ekki farið fram á verkefninu ef undan er skilin könnun sem lögð var fyrir nemendur sem eru á báðum skólastigum sl. skólaár. Önnur könnun verður lögð fyrir nemendur í vor.

Varðandi breytingar á verkefninu þá hefur þurft að aðlaga það. Í byrjun má segja að verkefnið hafi verið viðamikil og skólarnir fengið of mikið frjálsræði til að vinna að markmiðunum. Lestrarþátturinn kemur nokkuð óvænt inn í verkefnið og breytir stefnunni nokkuð. Þetta gerist á fyrsta ári verkefnisins. Á öðru og þriðja árinu er farið að afmarka vinnuna með því að setja á laggirnar faghópana og ráða verkefnisstjóra. Fyrri árið fengu faghóparnir nokkuð frjálsar hendur um vinnu en nú í vetur var útbúinn leiðarvísir, sem hóparnir fara eftir. Þar segir m.a. að hóparnir eigi að:

- fara yfir námsmarkmið þar sem það á við
- halda áfram vinnu varðandi samfellu á milli skólastiga/skörun milli skólastiga
- skoða kennslugögn
- miðla kennsluaðferðum
- yfirfara og bera saman kennsluefni
- finna áhersluatriði í námsgreinum
- að skoða/bera saman námsmat hvers skóla
- byrja að vinna eftir vörðum þ.e. símat og regluleg endurgjöf
- útbúa og skilgreina matskerfi til að ákveða hvort/hvenær nemandi geti hafið nám í MB.
- halda fundi innan hvers skóla um framgang verkefnisins og framvindu í hverjum skóla
- gera samantektarskýrslu um framgang verkefnisins innan hvers hóps.
- gera tilraunir með notkun leshringjaaðferðarinnar

3. Lokaskýrsla mun koma út í júní þar sem verkefninu lýkur formlega.

Stöðumat

Verkefnisstjóri var ekki ráðinn fyrr en haustið 2008

Verkefnið hefur gengið hægar en reiknað var með og má það m.a. rekja til tíðra skipta á skólastjórum en skipt hefur verið einu sinni um skólastjóra í Varmalandsskóla, einu sinni í Laugargerðisskóla og þrisvar í Kleppjárnsreykjaskóla.

Þá er fjöldi leiðbeinanda við skólana nokkur og tíð mannaskipti.

Margt hefur áunnist og má þar m.a. nefna alla þá faglegu umræðu sem verið hefur í hópunum og hefur hún skilað sér inn í skólana. Ekki má gleyma því að kennarar skólanna eru frekar „einir“ í sínu starfi og eru oft á tíðum að kenna, auk sinna greina, aðrar greinar sem þeir hafa ekki sömu kunnáttu eða reynslu í. Þar hafa faghóparnir hjálpað mikið til þar sem kennarar hittast og skiptast á eða deila hugmyndum.



Innleiðing námskrárinnar hefur gengið vel og sumir skólanna farnir að meta nemendur einstaklingslega og markmiðatengt í gegnum Mentor.

Námsmatið hefur tekið breytingum en það er nokkuð mikil vinna eftir þar.

Vinnan innan skólanna hefur gengið misvel og misjafnlega hefur gegnið að fá kennarana til að vinna með.

Borgarbyggð hefur ekki staðið vel við sinn hluta verkefnisins varðandi námsráðgjafann og erfiðlega hefur gengið að fá grunnskólastjórarna til að halda samkomulag um vinnuframlag kennara (fimmtudagar milli kl. 14- 16). Starfsfólkið hefði oft mátt vera betur upplýst um gang mála og stjórnendur grunnskólanna meira meðvirkir í vinnuferlinu.

20.04.2010/GH